

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á III. viðauka (Skaðsemisábyrgð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) III. viðauka við samninginn hefur ekki verið breytt áður.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/34/EB frá 10. maí 1999 um breytingu á tilskipun ráðsins 85/374/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM VÍSAÐ ER TIL“ (tilskipun ráðsins 85/374/EBE) í III. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **399 L 0034:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/34/EB frá 10. maí 1999 (Stjtið. EB L 141, 4.6.1999, bls. 20).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 4.6.1999, bls. 20.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/34/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórmsýsluleg skilyrði tilgreind.